


03-88



AV-15-1

SNJÓFLÓÐ



**HÆTTA
SNJÓFLÓÐ**

FRÆÐSLURIT

ALMANNAVARNIR RÍKISINS

FORMÁLI

Samkvæmt lögum um almannavarnir og lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum ber Almannavörnum ríkisins að sjá um almenningafræðslu á sviði náttúruhamfara og þar með taldra snjóflóða.

Rit það sem hér birtist er liður í þeirri viðleitni að taka saman handhægar upplýsingar fyrir almenning, sem að gagna mættu koma og þá einkum fyrir íbúa þeirra svæða sem búa við snjóflóðahættu.

Við samantekt á riti þessu hefur Hafþór Jónsson, aðalfulltrúi m.a. stuðst við áðurútgefið rit um snjóflóð, en höfundar þess eru Helgi Björnsson, jarðeðlisfræðingur sem ritað hefur um snjóflóð, eðli þeirra og áhrif, útgefið í Reykjavík í janúar 1979, og Ingvar F. Valdimarsson, formaður Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík, sem skrifaði um leitar- og björgunarstörf í snjóflóðum. Rit þeirra Helga og Ingvars hefur um árabíl verið notað til fræðslu og þjálfunar á sviði snjóflóðavarna, enda mun ítarlegra að allri gerð en rit það sem hér birtist.

Er það von okkar að með útgáfu rits þessa náum við þeim tilgangi að auka skilning almenninga á þeim vágasti sem snjóflóðin eru og jafnframt því að auka á öryggi fólks gagnvart þeirri hættu sem er þeim samfara.

Guðjón Petersen
framkvæmdastjóri

SNJÓFLÓÐAVARNIR VERKASKIPTING

FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA

Setning reglugerðar

Staðfesting á gerð og kostnaði varnarvirkja.

Úthlutun úr ofanflóðasjóði skv. tillögum Almannavarna ríkisins.

ALMANNAVARNIR RÍKISINS

Hættumat

Reglur um forsendur og aðferðir.

Flokkun og nýting hættusvæða

Staðfesting á gerð og kostnaði varnarvirkja.

Neyðaráætlanir

Leiðbeiningar

Almenningsfræðsla

SVEITARSTJÓRN

Tillögur að varnarvirkjum.

Framkvæmdir við gerð samþykktra varnarvirkja.

Greiðsla 1/5 hluta kostnaðar við gerð varnarvirkja.

Kostnaður vegna snjóflóðæftirlitsmanns 1/2 laun.

VEÐURSTOFA ÍSLANDS

Öflun gagna um snjóflóð og snjóflóðahættu og úr vinnsla úr þeim.

Mælingar á snjóalögum.

Viðvaranir um snjóflóðahættu.

Vinnureglur vegna snjóflóðæftirlitsmanna og greiðsla á 1/2 launum þeirra.

OFANFLÓÐANEFND

Ráðgjöf og tillögugerð til Almannavarna ríkisins um allt er varðar varnir gegn ofanflóðum

OFANFLÓÐASJÓÐ


Kostnaður við hættumat.

Greiðsla 4/5 hluta af kostnaði við gerð varnarvirkja.

Greiðsla 4/5 hluta af kostnaði við kaup og uppsetningu á tækjum og búnaði til rannsókna á snjóalögum með tilliti til snjóflóðahættu.

SNJÓFLÓÐ

Snjóflóð eru þær náttúruhamfarir sem tekið hafa flest mannlíf meðal Íslendinga í gegnum tíðina. Vitað er um a.m.k. 600 dauðsföll sem skráð hafa verið í 11 alda sögu þjóðarinnar. Þar af hafa um 130 manns farist á þessari öld. Við þetta bætist síðan stórfellt eignartjón.



HVAÐ ER SNJÓFLÓÐ?

Snjóflóð er það kallað þegar snjór fer á hreyfingu, annaðhvort vegna utanaðkomandi áhrifa eða vegna innri spennu og togkrafta í snjóþekjunni sjálfri. Verði slík spenna eða utanaðkomandi álag meiri en styrkur snjóþekjunnar þolir brestur hún og snjóflóð fellur.

FLOKKUN SNJÓFLÓÐA

Snjóflóðum má í höfuðdráttum skipta í þrjá flokka, þeir eru:

LAUSASNJÓFLÓÐ er það kallað þegar lausamjöll fer á hreyfingu. Einkenni slíkra snjóflóða er gífurlegur hraði með fylgjandi þrýstibylgju og er eyðileggingarmáttur slíkra flóða mikill. Skriðlengd lausasnjóflóða er oftast mikil, en erfitt getur verið að finna upptök þeirra þar sem þau eru oftast mjög óljós.

FLEKAHLAUP kallast það þegar snjóþekjan brestur oft á stóru svæði, brotnar upp í fleka (köggla) og fer þá oftast mikill snjómassi af stað. Skriðlengd slíkra flóða er oftast mikil og upptök þeirra jafnan greinileg þar sem þau markast af greinilegri brotlínu.

KRAPAHLAUP köllum við það þegar snjór yfirmettast af vatni, annaðhvort af völdum regns eða snöggra hlýinda. Slík flóð renna yfirleitt af stað vegna eigin þunga, fara fremur hægt og ná yfirleitt ekki mikilli skriðlengd.




HVAR FALLA SNJÓFLÓÐ

Almennt talað má segja að snjóflóð geti fallið á hverjum þeim stað þar sem FJALLENDI og SNJÓR fara saman. Hinsvegar er ljóst að þau eru algengust í brattlendi þar sem halli er á bilinu 30° (bröttustu skíðabrekkur) til 50° , þó er þekkt að mikil flóð hafi fallið í halla 25° til 55° .

Jafnframt er vitað að snjóflóðahætta er meiri hlémegin í hlíðum (miðað við vindáttir sem flytja mesta úrkomu) og að þröng gil þar sem snjór safnast eru varhugaverð ásamt þeim stöðum þar sem tengjumyndanir verða.

Hvað viðkemur landinu í heild má flokka það í snjóflóðasvæði eftir landshlutum. Þau svæði sem þá eru flokkuð sem áhættusvæði með tilliti til snjóflóða eru Vestfirðir, Mið- Norðurland, Austfirðir, Mýrdalur, Kjós og Ólafsvík. Innan þessara svæða háttar þannig til, að þar eru byggð svæði þar sem snjóflóðasagan segir okkur að snjóflóð hafi fallið, jafnvel á mörgum stöðum innan sömu byggðar.

Þá eru einnig ýmsir fjölfarnir þjóðvegir innan þekktra snjóflóðasvæða og má þar nefna vegina undir Ólafsvíkurenni, um Óshlíð, veginn milli Ísafjarðar og Súðavíkur, um Ólafsfjarðarmúla, veginn um Dalsmynni, Fagradal og Oddsskarð. Hér hafa einungis verið nefndir þeir vegir sem fjölfarnastir eru yfir vetrartíman, en að sjálfsgöðu geta snjóflóð fallið allsstaðar þar sem vegir liggja undir brattlendi.



ER HÆGT AÐ SPÁ FYRIR UM SNJÓFLÓÐ?

Veðurstofa Íslands snjóflóðadeild annast öflun gagna um snjóflóð og snjóflóðahættu og úrvinnslu úr þeim. Hún skal annast mælingar á snjóalögum og rannsóknir á þeim með sérstöku tilliti til snjóflóðahættu og gefa út viðvaranir um hana. (lög nr. 28, 4. júní 1985)


Í sveitarfélagi þar sem hætta er talin á snjóflóðum, skal sveitarstjórn fela sérstökum starfsmanni að fylgjast með snjóalögum. Skal sá starfsmaður starfa að fyrirmælum Veðurstofu Íslands. (lög nr. 28, 4. júní 1985).

VIÐVARANIR

Á síðari árum hafa myndast ákveðnar samskiptareglur milli Almannaþingar ríkisins og Veðurstofu Íslands um framkvæmd viðvarana. Þær eru á þann veg að Veðurstofan metur líkur á snjóflóðahættu með tilliti til landshluta. Í slíkri spá kemur fram að líkur séu taldar á að snjóflóð geti orðið í tilteknum landshluta eða svæði. Slíkri aðvörun kemur Veðurstofan til Almannaþingar ríkisins.

ALMANNAÞINGAR RÍKISINS framsenda aðvörunina til lögreglustjóra (almannaþingarnefndar) þess umdæmis/umdæma sem hættan er talin viðvarandi.

LÖGREGLUSTJÓRI eða staðgengill hans skal að fenginni slíkri aðvörun tryggja að hún berist til allra byggða innan umdæmisins. Jafnframt skal hann fyrirskipa að fram fari staðlæg athugun á snjóflóðahættu.



SKÁBORD

MAT Á S (STAÐLÆG A

Þegar leggja s
eftirtaldir þættir


1. ER NÆG SNJÓFLÓ


Athuga skal hv
snjódypt þar of

2. LAGSKIF

Athugun á lags
að grafa snjó
þessari kemur
meta hvort veit
þegar lagmótin
Slíka prófun n
(skáborði) eða

s.s. finger, blý





MAT Á SNJÓFLÓÐAHÆTTU (STADLÆG ATHUGUN)


Þegar leggja skal mat á hvort snjóflóðahætta sé viðvarandi, skulu eftirtaldir þættir markvisst kannaðir:

1. ER NÆGUR SNJÓR Á UPPTAKASVÆÐI SNJÓFLÓÐA?

Athuga skal hvort ójöfnur séu komnar á kaf og a.m.k. 30 cm. snjódýpt þar ofaná.

2. LAGSKIPTING OG STYRKUR SNJÓÞEKJU

Athugun á lagskiptingu og styrk snjóþekju er framkvæmd með því að grafa snjógryfju 2x2 metra og dýpt helst niður að jörð. Í gryfju þessari kemur glögg fram lagskipting snævar og er því auðvelt að meta hvort veikburða lög eru til staðar. Veikburða lag er það kallað þegar lagmótin í snjónum eru ekki nægilega fast bundin saman. Slíka prófun má framkvæma með þar til gerðum hjálpartækjum (skáborði) eða skerramma, en einnig má nota einfaldari hjálpartæki s.s. fingur, blýant eða hnífsblað.



Eins og áður sagði er auðvelt að meta styrk lagmóta í snjóþekjunni með því að framkvæma prófun með einföldum hjálpartækjum. Hér skal greint frá einni slíkri aðferð:



Ef öll hending gengur auðveldlega inn í snjóinn rétt ofan við lagmótin, þá er snjórinn illa bundin og snjóflóðahætta þess vegna mikil.



Ef þrjú fingur ganga inn í snjóinn er hann fremur illa bundin og ástæða til að ætla að snjóflóðahætta sé fyrir hendi.



Ef einungis er unnt að þrýsta einum fingri inn í snjóinn rétt ofan lagmóta, þá er hann meðalharður og snjóflóðahætta því hverfandi.



Ef aðeins blýantur/penni gengur inn í snjóinn er binding góð og hætta lítil.



Og ef að lokum aðeins er unnt að reka hnífsblað inn í snjóinn ofan lagmóta þá er binding mjög góð og hætta engin.

ATH: Kanna þarf öll lagmót í snjóþekjunni og helst með reglulegu millibili, vegna þeirra umbreytinga sem stöðugt verða í snjóþekjunni. Að athugun lokinni skal fylla gryfjuna, vegna umferðar vélsleða, skíðamanna o.þ.h.


Einnig er rétt að undirstrika að þegar lausamjöll fellur á hjarn (harðfenni) binst hún mjög illa og snjóflóðahætta er viðvarandi þar til umbreytingar hafa aukið bindingu lagmóta.

3. ÁHRIF AUKI

Nauðsynlegt er að snjóar, því meiri h...
u.þ.b. 20 til 30 cm.
mikla snjóflóðahætta
cm. jafnfallinn snjó

SIGHRAÐI snæ...
hættu. Því fyrr sem
út frá hitastigi, þar
fyrir að snjór setjist
vegar hitastig er un...
því til staðar mun

ATH. við mat á h...
í huga að hitastig
hæð. Ennfremur sk...
auka snjóflóðahætta




3. ÁHRIF AUKINNAR SNJÓKOMU

Nauðsynlegt er að fylgjast með hraða snjó komu, því örar sem snjóar, því meiri hætta á snjóflóðum. Til viðmiðunar má nota að u.þ.b. 20 til 30 cm. jafnfallinn snjór á sólarhring skapar að jafnaði mikla snjóflóðahættu, eða ef notuð er önnur viðmiðun sem er 3 cm. jafnfallinn snjór í nokkrar klst./dagspart.

SIGHRAÐI snævar skiptir miklu máli þegar meta skal snjóflóða-hættu. Því fyrr sem snjór sest, því betra. Unnt er að meta sighraða út frá hitastigi, þannig að við hitastig frá 0° til -5° má gera ráð fyrir að snjór setjist hratt sem þá minnkar líkur á snjóflóði. Ef hinsvegar hitastig er undir -10° er mjög hægt sig og snjóflóðahætta því til staðar mun lengur en ella.

ATH. við mat á hitastigi á upptakasvæði snjóflóða skal það haft í huga að hitastig fellur u.þ.b. um $\frac{1}{2}$ gráðu við hverja 100 m. í hæð. Ennfremur skal það haft í huga á snögg hlýindi í lok hríðar auka snjóflóðahættu til muna.




4. ERU MERKI ÞESS AÐ SNJÓR SÉ ÓSTÖÐUGUR?

Mikilvægt er að fylgjast vel með öllum vísbendingum um að snjór sé óstöðugur. Þannig ættu fregnir um að snjóflóð sé tekin að falla í næsta nágrenni ávallt að leiða til þess að menn séu á varðbergi og auki viðbúnað sinn. Ennfremur þegar smáspýjur falla, brestir heyrast eða sprungur sjást. Öll þessi atriði eru vísbendingar um að snjór sé óstöðugur og því ástæða til fyllstu aðgæslu. Ef þú verður var við eitthvert þessara atriða þá er rétt að koma þeim upplýsingum til snjóflóðadeildar Veðurstofu Íslands.

AÐ SJÁLFSÖGÐU ER SNJÓFLÓÐASPÁ MARGFLÓKIN Í ÚTREIKNINGI OG VART Á FÆRI NEMA SÉRFRÆÐINGA AÐ VINNA ÚT SLÍKA SPÁ. HINSVEGAR GETA ÁÐURNEFND 4. ATRIÐI HJÁLPAÐ LEIKMANNI AÐ META ÞAÐ HVORT ÁSTÆÐA SÉ TIL AÐ ÓTTAST AÐ SNJÓFLÓÐ FALLI.

ATH: SNJÓFLÓÐAHÆTTA GETUR HALDIST Í ALLT AÐ 3. DAGA EFTIR AÐ HRÍÐ SLOTAR OG ENN LENGUR EF KALT ER Í VEÐRI.



DÆMIGERÐ SNJÓFLÓÐAVEÐUR

Þegar kannaðar eru skráðar heimildir um snjóflóð má gjarna finna upplýsingar um veðurlag sem kalla mætti dæmigert snjóflóðaveður. Þannig er eftirfarandi veðurlýsing dæmigerð fyrir tímabil þar sem þurr snjóflóð voru algeng.

1. Vindátt N-NA svo dögum skipti.
2. Vindhraði 6 til 10 vindstig vaxandi á tímabilinu.
3. Snjókoma oftast mikil 15-25 cm. á 24. klst.
4. Lofthiti um frostmark eða vægt frost.

Dæmi um veðurlag þar sem búast má við að vot snjóflóð falli.

1. Hvassar S-lægar áttir með rigningu.
2. Snögg hlýindi.
3. Asahláka. (rigning og hlýindi).


SNJÓFLÓÐAHÆTTA VIÐVARANDI

Í neyðaráætlunum almannavarna er gengið út frá því að eðlilegustu viðbrögð gagnvart snjóflóðahættu séu ávallt þau að láta fólk yfirgefa hættusvæðið og flytja sig á öruggari staði, uns hættan er liðin hjá.

EF HINSVEGAR ÞAU ÚRRÆÐI ERU EKKI FYRIR HENDI TIL DÆMIS HVÆÐ VARÐAR AFSKEKTA SVEITABÆI EÐA EINANGRAÐA BYGGÐ, SKULU VIÐKOMANDI TRYGGJA ÖRYGGI SITT MEÐ EFTIRTÖLDUM AÐGERÐUM:

SNJÓFLÓÐAHÆTTA – HVAD GERUM VIÐ?

1. Gæta þess að vera sem minnst á ferli utan dýra og alls ekki í fjalllendi ofan við íbúðar- eða útihús.
2. Þegar þið eruð innandyra, þá dveljið þeim megin í íbúðinni sem undan fjallshlíðinni snýr. Hafið alla glugga og millihurðir tryggilega lokað. Ef mögulegt er þá neglið hlera fyrir þá glugga er að fjallinu snúa.
3. Dveljið ekki í kjöllum húsa, nema þeir séu alveg niðurgrafnir með steypa loftplötu.
4. Komið á reglulegu síma- eða talstöðvarsambandi við aðila utan hættusvæðisins, (lögreglu eða nágranna). Látið þá heyra frá ykkur á t.d. 3. klst. fresti. Ef ekki heyrst frá ykkur á tilsettum tíma munu gerðar ráðstafanir til að kanna orsakir.
5. Fylgist vel með fréttum og tilkynningum í útvarpi og/eða sjónvarpi. Munið ferðatæki ef rafmagn fer af.
6. Haldið ró ykkar og stillingu og kynnið ykkur vel allar tiltækar leiðbeiningar varðandi snjóflóð.



SNJÓFLÓÐ FELLUR – MENN GRAFAST

Rannsóknir sýna að ef menn lenda í snjóflóði má ætla að tveir af hverjum tíu deyji áður en flóðin nær að stöðvast. Fjöldi þeirra sem eftir lifa minnkar síðan um helming við hverja klst. sem líður fram að björgun. Þannig má ætla að aðeins einn af hverjum tíu sé á lífi 3. klst. eftir að flóðið féll. Tekið skal fram að hér er um meðaltalsútreikninga að ræða og eistök dæmi eru þekkt um að menn hafi lifað mun lengur grafnir í snjóflóði, allt upp í nokkra sólarhringa.

ALGENGUSTU DÁNARORSAKIR


Algengustu dánarorsakir manna sem lenda í snjóflóði eru sem hér segir:

1. Innöndun á snjóryki og köfnun samfara því.
2. Skert öndun vegna fargs á brjóstkassa.
3. Hægfara súrefnisskortur (þétt snjófarg).
4. Hræðsla og lost.
5. Loftþrýstingur frá flóði. (sprengir lungu)
6. Meiðsli við að berast með flóðinu.
7. Kuldi.
8. Meiðsli við björgun eða flutning.

**ÞRJÁR FYRST TÖLDU ORSAKIRNAR ERU TALDAR VERA
VALDAR AÐ DAUÐA UM 60% ÞEIRRA SEM LÁTAST Í
SNJÓFLÓÐI.**

EF ÞÚ LENDIR Í SNJÓFLÓÐI:


1. Reyndu þá eftir fremsta megni að halda þér upp úr flóðinu t.d. með því að taka sundtökin.
2. Berist þú stjórnlaust með flóðinu, þá er réttast að grípa fyrir vitin og minnka þar með líkur á að þau fyllist af snjó.
3. Þegar þú finnur að flóðið er að stöðvast þá reyndu að hreyfa þig sem mest, því á þann hátt eykur þú svigrúm þitt til hreyfinga og öndunar. Strax eftir að flóðið hefur að fullu stöðvast sígur allt loft úr því og það þjappast saman líkt og gífs.
4. Eyddu ekki orku þinni í að hrópa á hjálp fyrr en þú heyrir í björgunarmönnum og mundu að þú heyrir mun betur í björgunarmönnum, en þeir í þér.
5. Hafðu í huga að ef þú heldur ró þinni og yfirvegum, jafnframt stöðugri trú á að þér verði bjargað, eykur þú lífslíkur þínar til muna.
6. Rétt er að benda á að oft er erfiðleikum háð fyrir þann sem lendir í snjóflóði að átta sig á hvað snýr upp og hvað niður, því skaltu ekki eyða orku í að reyna að grafa þig úr snjóflóði, nema að þú sért viss um að þú sért á réttri leið.



BJÖRGUN ÚR SNJÓFLÓÐI

Ef þú verður þess áskynja að maður/menn lendi í snjóflóði skalt þú tafarlaust framkvæma eftirfarandi:

1. Setja á þig staðinn sem þú sást viðkomandi síðast. (Settu á þig kennileiti og mið).
2. Gættu að því hvort líkur séu á að annað snjóflóð geti fallið í sama farveg.
3. Ef þú telur öryggi þínu borgið, þa skalt þú tafarlaust byrja að leita í yfirborði flóðsins. Þar má oft finna vísbendingar um það hvar hinn grafni liggur.
4. Ef hundur er til staðar þá láttu hann aðstoða þig við leitina.
5. Ef þið eruð fleirri saman skal a.m.k. einn fara og kalla út þjálfað björgunarlið og snjóflóðahunda á staðinn.
6. Sjáist engin ummerki í yfirborði flóðsins skal tafarlaust hefja leit með viðeigandi hjálpartækjum, s.s. snjóflóðastöngum, rafmagnsrörum, hrífusköftum, skíðastöfum eða þess háttar.
7. Í fyrstu skal einskorða leitina við þá staði þar sem hraða- eða stefnubreyting hefur orðið á flóðinu, s.s. við kletta, beygjur, vegkanta o.þ.h. Einnig skal leita neðst í tungu flóðsins og upp eftir skriðu.



HANDHÆG HJÁLPARTÆKI VIÐ SNJÓFLÓÐALEIT

Þegar leita þarf að mönnum í snjóflóði er til ýmis sérbúnaður sem auðveldar til muna slíka leit. Hér mun getið þess helsta:

1. LEITARSTANGIR úr áli 3.til 4.metra langar, oftast samanbrjótanlegar. (Sérsmíðaðar að vistheimilinu að Gunnarsholti)
2. NEYÐARSENDAR (YLAR), en slíka neyðarsenda er bæði hægt að stilla á sendingu (fyrir þá sem ferðast um snjóflóðasvæði) og á móttöku (fyrir þá sem leita í snjóflóði). Tæki þetta er lítið og handhægt og kemst auðveldlega fyrir í brjóstvasa. Á sendingu gefur tækið frá sér stöðugan són sem auðvelt er að miða út með samskonar tæki sem stillt er á móttöku.
3. RECCO RESCUE SYSTEM. Nú um þessar mundir er að koma á markað hér á Íslandi nýtt tæki til leitar að mönnum sem grafist hafa í snjóflóði. Tæki þetta byggir á örsmáum díóðum sem festar eru á klæðnað, skíðaskó eða bornar innan klæða. Díóður þessar gefa frá sér merki sem þar til gerður móttökubúnaður skynjar, allt niður á 10 metra dýpi. Hægt er að leita svæði 100×100 metra á u.þ.b. 20 mín. Einnig er hægt að festa móttökubúnaðinn neðan á þylu og er þá unnt að leita jafnstórt svæði á u.þ.b. 5 mín. Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík mun vinna að kynningu þessa búnaðar.
4. LEITARVINKLAR eru framleiddir úr 3 mm. logsuðuvír og eru beygðir þannig að þeir mynda L, styttri leggurinn c.a. 15 cm. og sá lengri c.a. 40 cm. Vinklar þessir eru bornir láréttir í laust krepptum lófum þannig að styttri leggurinn gengur niður í lófana, en sá lengri vísar lárétt fram með hliðum þess sem leitar og er búkbreidd á milli þeirra. Í ljós hefur komið að u.þ.b. 6 til 7 af hverjum tíu fá svörun á þann veg að vinklarnir krossleggjast þegar viðkomandi fer yfir mann sem grafist hefur í snjóflóði, ennfremur virðist vatn gefa svörun.

NOTKUN HUNDA VIÐ LEIT Í SNJÓFLÓÐI

Sérþjálfaðir björgunarahundar hafa sannað það og sýnt að þeir eru eitt mikilvirkasta hjálpartæki sem völ er á þegar leita þarf að manni/mönnum sem grafist hafa í snjóflóði.

Björgunarahundasveit Íslands hefur nú um 6 ára skeið lagt mikla rækt við þjálfun slíkra hunda og heldur árlega 10 daga námskeið þar sem hæfni björgunarahunda og eigenda þeirra er metin í A- B- eða C-flokk með hliðsjón af samanlögðum árangri. Í framhaldi af námskeiði þessu er síðan gefin út útkallslisti þar sem hundar af A og B-flokki eru skráðir. Listi þessi gildir síðan milli þjálfunarnámskeiða, en getur verið breytilegur milli ára.

Í dag eru í landinu 11 björgunarahundar sem flokkaðir hafa verið með hliðsjón af þjálfunarstigi, þeir skiptast sem hér segir:

A-stig = 3 hundar

B-stig = 2 hundar

C-stig = 6 hundar

Upplýsingar um þessa hunda eru tiltækar hjá Björgunarahundasveit Íslands, Landsambandi Hjálparsveita skáta og Almanna- vörnum ríkisins.

ÞEGAR VON ER Á ÞJÁLFUÐUM HUNDI TIL LEITAR Í SNJÓ-
FLÓÐI ER ÁRÍÐANDI AÐ HAFT SÉ Í HUGA:

1. Varast skal að láta nokkuð það frá sér sem ruglað gæti hundinn við leitina. Þannig má ekki skilja eftir í skriðunni matarleifar, sælgæti, umbúðir e.þ.h. og ekki má kasta þar af sér þvagi.
2. Eftir að hundur er byrjaður leit skal þess gætt að menn standi ekki í vindstefnu á hann og að öll tæki og búnaður sé hafður hlémegin við skriðuna.

ATH: HUNDURINN OG STJÓRNANDI HANS ERU EITT OG
VARAST SKAL ALLA TRUFLUN OG ÁREITNI VIÐ PÁ.

